

37  
5. marz

## BRÁÐABIRGÐAGJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Sauðárkróks.

### Um heimtaugargjald.

Fyrir hverja húsveitu, sem tengd er við rafveitukerfi Sauðárkróks, skal greiða heimtaugargjald, miðað við rúmtak húss, samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga:

Rúmmál húss í ten.m.:		Heimtaugargjald í kr.:
Frá 0 allt að 100	.....	500.00
— 100 — — 150	.....	575.00
— 150 — — 200	.....	650.00
— 200 — — 250	.....	725.00
— 250 — — 300	.....	800.00
— 300 — — 350	.....	900.00
— 350 — — 400	.....	1000.00
— 400 — — 450	.....	1100.00
— 450 — — 500	.....	1200.00
— 500 — — 550	.....	1300.00
— 550 — — 600	.....	1400.00
— 600 — — 650	.....	1500.00
— 650 — — 700	.....	1600.00
— 700 — — 750	.....	1700.00
— 750 — — 800	.....	1800.00
— 800 — — 850	.....	1900.00
— 850 — — 900	.....	2000.00
— 900 — — 1000	.....	2200.00
— 1000 — — 1100	.....	2400.00
— 1100 — — 1200	.....	2600.00
— 1200 — — 1500	.....	3000.00
— 1500 — — 1750	.....	3500.00
— 1750 — — 2000	.....	4000.00
— 2000 — — 2250	.....	4500.00
— 2250 og yfir	.....	5000.00

Gjald þetta er miðað við loftlínu að gildleika  $3 \times 70 \text{ mm}^3$  eða grennri og allt að 60 metra að lengd. Fyrir jarðstreng skal greiða heimtaugargjald, sem er 20% hærra, enda sé jarðstrengur ekki gildari en  $3 \times 70 \text{ mm}^3$ , eða lengri en 25 metrar.

Húseigandi greiðir auk þess allan kostnað af því, ef heimtaug er gildari eða lengri en að framan greinir. Sé fleiri en ein heimtaug lögð að húsinu, greiði húseigandi eftir reikningi allan kostnað, er af því leiðir. Ef sérstök heimtaug er lögð í peningshús eða bifreiðaskúr á byggingarlóð íbúðarhússins, telst hún aukaheimtaug í húsið.

Gjald þetta greiðist með jöfnum greiðslum á tólf mánuðum. Fyrsta greiðsla fari fram 1. apríl 1949 og úr því fyrsta hvers mánaðar, þar til gjaldið er að fullu greitt.

Bæjarstjórn lætur gera skrá yfir öll hús í bænum, er tilgreini rúmtak þeirra, þar með ris og kjallara, allt miðað við utanmál.

Verði síðar lögð jarðlína í stað loftlínu, greiðir húseigandi það, sem á vantar til þess að hann hafi greitt fullt jarðlínu-heimtaugargjald.

Bráðabirgðagjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 37 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í 5. marz stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 5. marz 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð kennara við Kvenna- 38 skólann í Reykjavík“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráð- 8. marz herra 8. marz 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð kennara við Kvennaskólann í Reykjavík.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður kennara við Kvennaskólann í Reykjavík og er stofnaður með dánargjöf Ingibjargar H. Bjarnason, forstöðukonu kvennaskólans, samkvæmt erfðaskrá hennar, dags. 17. júlí 1935.

### 2. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð forstöðukonu Kvennaskólans í Reykjavík og tveimur starfandi kennurum við skólann. Ef einhver af sjóðsnefndarmönnum deyr, hættir störfum við skólann eða gengur úr sjóðstjórninni með öðrum hætti, kjósa hinir, sem eftir eru, mann í stjórnina í hans stað. Um skipun hinnar fyrstu stjórnar sjóðsins eru það þó fyrirmæli stofnanda sjóðsins, að Ragnheiður Jónsdóttir, núverandi forstöðukona skólans, skuli eiga sæti í sjóðstjórninni og vera formaður hennar, meðan hún lifir, og að hún skuli einnig velja meðstjórnendur sína meðan hennar nýtur við.

### 3. gr.

Sjóðstjórnin skal sjá um ávöxtun höfuðstóls sjóðsins og skal hann ávaxtaður í tryggum verðbréfum, sem ábyrgð ríkissjóðs fylgir og að einhverju leyti í Útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands, eftir því sem við verður komið.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal sjóðstjórnin árlega birta reikninga hans í Lögbirtingablaðinu.

### 4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Þar til höfuðstóllinn er orðinn 25000 — tuttugu og fimm þúsund — krónur skal leggja alla vexti af sjóðnum við höfuðstóllinn. Síðan skal leggja  $\frac{1}{2}$  vextina með höfuðstóllinn, þar til hann nemur 50000 — fimmtíu þúsund — krónum, þá skal leggja  $\frac{1}{3}$  vaxtanna við þar til sjóðurinn er orðinn 75000 — sjöttíu og fimm þúsund — krónur, en úr því  $\frac{1}{4}$  vaxtanna þar til höfuðstóllinn er kominn upp í 100000 — eitt hundrað þúsund — krónur. Eftir það skal jafnan leggja leggja  $\frac{1}{10}$  vaxtanna við höfuðstóllinn.

### 5. gr.

Þeim hluta af vöxtum sjóðsins, er ekki skal lagður við höfuðstól hans samkv. 4. gr., skal varið til að styrkja þá af kennurum Kvennaskólans í Reykjavík, sem hafa